

## MINNISBLAÐ

---

**Dagsetning:** 8.1.2018

**Efni:** Rökstuðningur fyrir afslætti af umsóknargjaldi vegna Svansvottunar bygginga

Viðmið fyrir byggingar eru bæði víðfeðm og töluvert sértæk fyrir hvert land fyrir sig. Þar sem aðstæður á Íslandi geta verið töluvert frábrugðnar öðrum Norðurlöndum er líklegt að umsækjandi, í samstarfi við Umhverfisstofnun, muni þurfa að leggja í vinnu við aðlögun/túlkun viðmiðunum þegar fyrsta bygging innan hvers flokks er byggð. Því er veittur afsláttur sem hér segir.

Afsláttur er veittur fyrir fyrsta leyfi innan hvernar tegundar byggingar sem skilgreind eru í viðmiðum Svansins fyrir byggingar. Því fæst 10% afsláttur af umsóknargjaldi af fyrsta einbýlis-, þar- eða raðhúsinu, fyrsta fjölbýlishúsinu, fyrsta sumarbústaðnum, fyrstu þjónustuíbúðunum fyrir aldraðra og fyrsta leikskóla eða skólabyggingunni. Afsláttur nær ekki til fermetragjalds.

Sjá nánar um gjöld vegna Svansvottunar byggingar í gildandi gjaldskrá á [www.ust.is](http://www.ust.is).